



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **OPINBER HEIMSÓKN FORSETA TÉKKLANDS 22.-23. ÁGÚST 2005**

Opinber heimsókn Václav Klaus forseta Tékklands og frú Livia Klausová eiginkonu hans hefst með hátíðlegri athöfn á Bessastöðum þann 22. ágúst næstkomandi kl. 10:00 að viðstöddum ráðherrum og embættismönnum. Eftir viðræðufund forseta Tékklands og forseta Íslands á Bessastöðum ræða þeir við blaðamenn kl. 11:30.

Frá Bessastöðum verður haldið að höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur þar sem kynntir verða áfangar í orkusögu Íslendinga og hugmyndir um nýtingu vetnis sem orkugjafa í samgöngum. Kynningarfundurinn í húsakynnum Orkuveitunnar hefst að loknum hádegisverði um kl. 13:00. Forseti Tékklands mun síðan eiga fund með Steinunni Valdísi Óskarsdóttur borgarstjóra í Ráðhúsi Reykjavíkur. Fundurinn hefst kl. 14:15 og þar munu einnig verða borgarfulltrúar og embættismenn borgarinnar.

Að kvöldi mánudagsins 22. ágúst bjóða forsetahjónin forseta Tékklands og eiginkonu hans til hátíðarkvöldverðar á Bessastöðum. Kvöldverðurinn hefst kl. 20:00, en æskilegt er að þeir blaðamenn sem hyggjast taka myndir við upphaf hans séu komnir til Bessastaða um kl. 19:45.

Að morgni þriðjudagsins 23. ágúst mun forseti Tékklands eiga viðræður við Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra. Fundurinn hefst í Ráðherrabústaðnum kl. 8:30. Haldið verður frá Nordica hótelinu kl. 10:00 áleiðis til Nesjavallavirkjunar og Þingvalla. Að loknum hádegisverði Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra til heiðurs tékknesku forsetahjónunum verður haldið frá Þingvöllum að Geysi í Haukadalsdal og Gullfossi.

*18. ágúst 2005*